


Hvolsskóli

Kynning á Teams fyrir nemendur og foreldra.

Hvolsskóli er með áskrift að Office 365 og hluti af þeim pakka er Microsoft Teams. Teams er mikið notað til samskipta innan fyrirtækja og stofnanna, bæði í formi spjalls, video-funda og umræðuþráða. Allir starfsmenn Hvolsskóla, kennarar og nemendur hafa aðgang að Teams í gegnum netfang sitt hjá Hvolsskóla. Hægt er að nota Teams á borðtölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.

Til að opna Teams þarf að ræsa vafra (Chrome, Firefox, Edge, Opera, Safari, ...), skrá sig inn á <https://postur.hvolsskoli.is> með notendanafni og lykilorði. Þar má finna Teams eins og merkt er á myndinni:



Það gæti tekið nokkrar mínútur að ræsa Teams í fyrsta skiptið og væntanlega mismunandi útlit sem blasir við notendum þegar komið er inn, allt eftir því hvort notandinn hafi opnað Teams áður og í hvaða hópa viðkomandi er skráður. Þeir sem eru að opna forritið í fyrsta skiptið fá líklega stutta kynningu áður en komið er inn í aðal valmyndina. Í kynningunni þarf einungis að fletta í gegn með Next/Áfram.

Þegar Teams er ræst birtist viðmót með hópnum sem búið er að skrá notandann í. Meira um hópa á eftir.

Aðal valmyndin er vinstra megin á skjánum bæði í vefviðmótinu og í skjáborðsforritinu. Í farsímaforritum er útlitið annað. Farsímaforrit má finna gjaldfrjálst í viðkomandi forritaverslun (Google play/App Store). Skjáborðsforritið má sækja af netinu eins og lýst er hér síðar.

Í valmyndinni eru, talið ofanfrá, hnappar fyrir: Virkni, Spjall, Hópa, Verkefni, Símtöl, og Skrár eins og sjá má á myndinni hér að neðan ásamt fleiri möguleikum.



Virkni – sýnir nýjustu virkni í þráðum og hópum sem notandinn er meðlimur í.

Spjall – er fyrir textaspjall við einn eða fleiri notendur.

Hópar – hér eru hóparnir sem notandinn er skráður í.

Verkefni – hér má finna verkefni sem hafa verið sett fyrir. *(ekki mikið notað)

Dagbók – er notuð til að skipuleggja t.d. fjarfundir.

Símtöl – er fyrir hljóð- og myndsímtöl við einn eða fleiri notendur.

Skrár – sýnir skrár á OneDrive sem notandinn á.

... – gefur möguleika á að opna og tengjast fjölda annarra Office forrita.

Forrit – gefur möguleika á að tengja forrit utan Office pakkans við Teams.

Hjálp – til að nálgast þjálfun, leiðbeiningar og fleira.



Á efsta hluta skjásins má finna leitarstiku og stjórnhnapp notandans. Í leitarglugganum má finna allt innan Teams ásamt því að hægt er að gefa skipanir.

Nánar um það hér:

<https://support.office.com/en-us/article/use-commands-in-teams-88f61508-284d-417f-a53d-9e082164050b>


Og hér: <https://support.office.com/en-us/article/get-attention-with-mentions-b2ffb135-7069-4880-84ee-5b27f402418b?ui=en-US&rs=en-US&ad=US>

Stjórnhnappur notandans er með skammstöfun notandans:




Þegar smellt er á þennan hnapp má finna stillingar og t.d. velja íslenskt viðmót ásamt því að gera breytingar á útlitsstillingum.


Í mínu tilfelli lítur það þannig út:




Þegar búið er að smella á Settings/Stillingar kemur upp eftirfarandi gluggi þar sem má velja þema, útlit og tungumál ásamt fleiru.




Á sama stað má sækja forrit bæði fyrir skjáborð og farsíma.



Þegar skjáborðsforritið er sótt þá birtist uppsetningarforrit neðst vinstra megin í glugganum:




Þegar smellt er á það fer af stað uppsetning á Teams og eftir stutta stund ætti að vera hægt að ræsa Teams annaðhvort af skjáborðinu eða með því að finna það í leit.




Teams

Hóparnir.

Allir nemendur ættu að vera skráðir í a.m.k einn hóp með sínum umsjónarkennara/kennurum og til að nálgast innihald hópsins, sem samanstendur m.a. af umræðum og efni frá kennara, er einfaldlega smeltt á nafn eða spjald hópsins.



Inni í hópnum má svo finna mismunandi rásir vinstra megin og mismunandi efni efst í hverri rás:



Svo er bara að skoða, fíkta og læra.